

Mánudagurinn 8. nóvember 1999 kl. 12:00

133. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 30/1999

Kvörtun Máls og menningar hf. vegna Landmælinga Íslands

I.

Erindið og málavextir

1.

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 25. mars 1999, frá Halldóri Þ. Birgissyni, hdl. í umboði fyrirtækisins Máls og menningar hf. (hér eftir MM) þar sem kvartað er vegna starfsemi Landmælinga Íslands (hér eftir LMÍ) og gjaldskrár nr. 21/1999 um útgáfu og birtingu gagna frá LMÍ á prentuðu formi.

Forsaga málsins er sú, segir í erindinu, að þann 1. júlí 1997 tóku gildi ný lög nr. 95/1997 um landmælingar og kortagerð. Samkvæmt 9. gr. laganna er lögð sú skylda á LMÍ að miðla upplýsingum og veita aðgang að gögnum í vörslu stofnunarinnar. Samkvæmt 8. gr. sömu laga skulu LMÍ gæta hagsmuna ríkisins vegna höfundaréttar gagna í eigu stofnunarinnar samkvæmt nánari fyrirmælum höfundalaga nr. 73/1972. Samkvæmt 10. gr. laga nr. 95/1997, skulu LMÍ afla tekna með sölu á þjónustu og með þjónustugjöldum vegna afgreiðslu gagna samkvæmt sérstakri gjaldskrá.

Ennfremur segir að MM hafi starfað við útgáfu prentaðs efnis um árabíl. Fyrirtækið hafi ákveðið á árinu 1997 að bæta útgáfu korta við starfsemi sína og hafi keypt gögn (kortagrunn – æðarlínur – vatnasvið og vegi) af LMÍ. Á grundvelli þessara gagna hafi verið unnið að gerð korta, sem ákveðið var að gefa út á árinu 1998. Um var að ræða Íslandskort í 10.000 eintökum og fjórðungskort af Suðurlandi í 2.000 eintökum. MM hafi fengið þær upplýsingar hjá LMÍ að hygðist fyrirtækið gefa út kort yrði það að sækja um birtingarleyfi og greiða gjald fyrir það hjá LMÍ. Gjaldið hafi verið greitt þrátt fyrir að niðurstaða MM hafi verið sú að krafa LMÍ um birtingarleyfi hafi skort lagastoð. Ágreiningur varð á síðari stigum um þóknun fyrir birtingarleyfið milli MM og LMÍ.

Í október 1998 óskaði MM að nýju eftir birtingarleyfum vegna fjögurra korta. Leitað var heimilda LMÍ til þess að forðast mögulegan ágreining, sem gæti seinkað útgáfu kortanna, þrátt fyrir þá skoðun MM að gjaldtökuna skorti lagastoð. Eftir nokkurt þóf var samningur um birtingarleyfi undirritaður í febrúar 1999, með fyrirvörum af hálfu MM.

Ennfremur segir í erindinu:

„Kvörtun umbjóðanda míns til Samkeppnisstofnunar beinist að tveimur meginatriðum.

Í fyrsta lagi að samkeppnisstöðu sinni almennt gagnvart LMÍ. Fyrir liggur sú staðreynd að umbjóðandi minn er eini aðilinn á innanlandsmarkaði sem starfar í samkeppni við LMÍ. LMÍ stundar útgáfu korta í samkeppni við umbjóðanda minn og er í samstarfi við dreifingaraðila á smásöllumarkaði um kortaverslun sem óupplýst er um hvaða viðskiptakjara nýtur hjá LMÍ og hvort þeir eru sömu og umbjóðanda mínum bjóðast sem jafnframt selur kort frá LMÍ í verslun sinni. Þá liggur fyrir að ekki er skilið á milli rekstrar hjá LMÍ þannig að gjöld sem lögð eru á umbjóðanda minn nýtast stofnuninni í samkeppni við umbjóðanda minn við framleiðslu á kortum á samkeppnismarkaði. Jafnframt er umbjóðanda mínum gert að sækja um leyfi til LMÍ vegna kortaútgáfu sinnar og honum þannig gert að leggja viðskiptaáætlanir sínar fyrir LMÍ sem samkeppnisaðila hverju sinni og engar reglur gilda um meðferð umsókna eða afgreiðslutíma þeirra og að auki þarf umbjóðandi minn að leita eftir leyfi til lögmanns félagsins vegna korta sinna þó um einfalt afgreiðslumál sé að ræða. Þá dróst afgreiðsla umsókna vegna þess að gjaldskrár voru ekki til né skilmálar sem var á forræði LMÍ að ganga frá.

Í öðru lagi er kvörtun varðandi gjaldskrá LMÍ. Talið er að hana skorti lagastoð og hún stangist á við samkeppnislög þar sem í lögum um LMÍ er ekki gert ráð fyrir að LMÍ afli tekna með því að leggja gjald á hvert eintak af útgefnu korti þar sem að einhverju leyti er stuðst við upprunagögn frá LMÍ. Þá er gjaldskráin samkeppnishamlandi þar sem LMÍ flokkar umsóknir frá samkeppnisaðila og gjaldtaka er ótengd mögulegu söluverði korts á markaði.

Í þessu sambandi má benda á að gjald það sem umbjóðanda mínum er gert að greiða vegna útgáfu fjórðungskorta sinna er kr. 50.- fyrir hvert kort samkvæmt gjaldskrá LMÍ og einhliða flokkun LMÍ eftir gjaldskránni. Heildsöluverð

kortsins er að jafnaði frá umbjóðanda mínum ca. 400.- þannig að gjaldið er 12.5% af söluverði kortsins. Að teknu tilliti til afsláttar sem nú var veittur af hálfu LMÍ er gjaldið 9.4% og skal greiðast fyrirfram við umsókn leyfis án tillits til útgáfutíma.

Gjaldið er í eðli sínu fráleitt sé litið til þess hvaða reglur gilda almennt um greiðslu höfundarlauna á markaði vegna prentaðra hugverka. Þannig er greiðsla höfundarlauna fyrir bók sem er hreint höfundarverk að meðaltali 16.5% af heildsöluverði ef greitt er af framleiddum eintökum og er þeirri greiðslu skipt þannig að $\frac{1}{4}$ greiðist við afhendingu handrits og eftirstöðvar innan 4 mánaða frá útgáfudegi.

Þau kort sem hér um ræðir styðjast við gögn í vörslu LMÍ en í eigu íslensku þjóðarinnar og LMÍ veitir aðgang að. Kortin sem umbjóðandi minn gefur út eru hins vegar sjálfstætt höfundarverk samkvæmt 2 mgr. 5 gr. höfundalaga nr. 73/1972 enda er öll hönnun kortsins og útlit verk Máls og menningar hf. og starfsmanna þeirra. Miðað við að sambærileg höfundarlaun væru greidd og um bækur væri að ræða eða 16.5% þá áskilur LMÍ sér rétt til hlutdeildar í höfundarlaunum sem nemur $\frac{2}{3}$ hlutum sé ekki litið til afsláttar sem nú var veittur og höfundar verksins og umbjóðandi minn sem hefur launaða starfsmenn í vinnu við gerð kortanna myndu í því tilviki fá $\frac{1}{3}$ eðlilegra höfundarlauna. Ljóst er að allur kostnaður greiðist úr hendi umbjóðanda míns sem annað að tvennu skerðir eðlilegan hagnað hans eða hefur áhrif á verðlagningu til hækkunar. Ekki er vitað til að af kortaútgáfu sem LMÍ stundar séu reiknuð sambærileg gjöld innan stofnunarinnar þó að kort LMÍ séu seld í samkeppni við kort umbjóðanda míns á markaði.

Umbjóðandi minn telur augljóst að þeir þættir sem hér hafa verið raktir í starfsemi LMÍ og gjaldskrá nr. 21/1999 og varði útgáfu sína á kortum séu augljóst brot á ákvæðum samkeppnislaga nr. 8/1993 enda sé um að ræða óeðlilegar samkeppnishömlur sem takmarki möguleika til samkeppni í kortaútgáfu á innanlandsmarkaði. Vegna þessa er kvörtunin gerð og óskað eftir að Samkeppnisstofnun skoði málið og leggi það fyrir samkeppnisráð á síðari stigum í þeim tilgangi að samkeppnisstaða umbjóðanda míns verði jöfnuð.”

Með erindinu fylgdu gögn um samskipti MM við LMÍ.

II. Málsmeðferð

1.

Erindið var sent LMÍ til umsagnar með bréfi, dags. 9. apríl 1999. Svar barst frá Lilju Jónasdóttur, hdl. í umboði LMÍ, dags. 21. júní 1999. Þar segir m.a., að ekki verði hjá því komist að gera athugasemdir við þá lýsingu sem fram komi í kvörtuninni á samskiptum aðila málsins, sem LMÍ telji í verulegum atriðum efnislega rangar. Ekki sé þó ástæða til þess að rekja það nánar, nema að því er snerti hið eiginlega kvörtunarefni.

Ennfremur segir:

„Í kvörtuninni kemur fram að hún beinist í aðalatriðum að tveimur atriðum.

1. *Í fyrsta lagi að samkeppnisstöðu fyrirtækisins almennt gagnvart Landmælingum Íslands.*

Rétt er að geta þess að útgáfa og endurnýjun korta af Íslandi er eitt af mörgum lögbundnum verkefnum Landmælinga Íslands sem upp eru talin í 5. gr. laga nr. 95/1997 um landmælingar og kortagerð.

Þess ber einnig að geta að fyrir liggur skýrsla um stefnumótun fyrir stofnunina og rekstur hennar frá því í júní 1998. Í þeirri skýrslu kemur fram að tekin hefur verið ákvörðun um að þeir þættir í rekstri stofnunarinnar sem eru í samkeppni við aðra verði skildir frá öðrum rekstri hennar í samræmi við ákvæði samkeppnislaga þar að lútandi. Þegar hefur verið lögð töluverð vinna í þennan aðskilnað sem fyrirhugað er að taki gildi frá og með næstu áramótum. Enn á þó eftir að leggja lokahönd á þá vinnu.

Stofnunin hefur þegar lagt af smásöluverslun á kortum sem rekin var um langt árabíl og einnig loftmyndatöku sem stofnunin hefur stundað frá árinu 1950. Þessum verkefnum er nú sinnt af fyrirtækjum á frjálsum markaði.

2. *Í öðru lagi virðist kvörtun fyrirtækisins beinast að gjaldskrá Landmælinga Íslands.*

Sagt er að gjaldskrána skorti lagastöð og að hún stangist á við samkeppnislög og höfundalög án þess að tilgreint sé nánar gegn hvaða ákvæðum umræddra laga gjaldskráin og gjaldtaka á grundvelli gjaldskrárinnar brjóti.

Því er til að svara í þessu sambandi að í 10. gr. fyrrnefndra laga nr. 95/1997 er kveðið á um að stofnunin skuli afla sértekna, í fyrsta lagi með sölu á sérhæfðri þjónustu og upplýsingum og í öðru lagi með þjónustugjöldum vegna afgreiðslu gagna. Kemur einnig fram að gjaldtaka skuli ákvörðuð í gjaldskrá sem ráðherra staðfesti. Gjaldskrá Landmælinga Íslands nr. 21/1999, sem kvörtun Máls og menningar hf. beinist að hefur verið felld úr gildi. Í dag er í gildi gjaldskrá nr. 323/1999 sem staðfest var af ráðherra þann 3. maí 1999. Fjallar gjaldskráin heildstætt um sölu, birtingu og útgáfu efnis og sérhæfða þjónustu Landmælinga Íslands.

Rétt er að geta þess að samkvæmt fjárlögum ársins 1999 er stofnuninni ætlað að afla um 56,8 milljóna kr. með sölu á sérhæfðri þjónustu og upplýsingum. Sú fjárhæð sem stofnunin hefur verið að innheimta á ári vegna afnota eða birtingar á efni er hinsvegar um 2 milljónir króna.

Í erindi Máls og menningar hf. er því haldið fram að fyrirtækið þurfi að leggja viðskiptaáætlanir sínar fyrir Landmælingar Íslands og að engar reglur gildi um meðferð umsókna og afgreiðslutíma. Þessu er alfarið vísað á bug sem misskilningi af hálfu Máls og menningar hf. og skal í þessu sambandi bent á 11. gr. gildandi gjaldskrár þar sem kveðið er á um umsóknir um leyfi til útgáfu og birtingar efnis frá stofnuninni. Þar kemur fram að eingöngu er gert ráð fyrir að umsækjendur upplýsi á umsóknareyðublaði hvar birta eigi efnið og á hvaða formi, í hversu stóru upplagi, stærð og/eða mælikvarða. Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar til þess að stofnuninni sé kleift að gæta réttar íslenska ríkisins við gjaldtöku fyrir afnot eða birtingu á hérgreindu efni. Þegar umsókn hefur verið samþykkt er gengið frá skriflegum samningi milli aðila þar sem kveðið er á um gjald og almenna skilmála fyrir útgáfu og birtingu efnisins.

Landmælingar Íslands draga reyndar í efa að það kvörtunatriði Máls og menningar hf. að gjaldskrá stofnunarinnar skorti lagaheimild heyri undir Samkeppnisstofnun.“

Ennfremur segir að LMÍ telji að kvörtun MM sé verulega óbótavant. Ekki sé vísað til ákveðinna ákvæða gildandi samkeppnislaga, heldur sé rætt almennt um samkeppnisstöðu fyrirtækisins gagnvart LMÍ og óljóst sé á hvaða laga-grundvelli MM rökstyðji meint ólögmati gjaldtöku LMÍ.

2.

Með bréfi, dags. 9. apríl 1999, var umhverfisráðuneytinu gefinn kostur á að gera athugasemdir við erindi MM. Umsögn barst frá ráðuneytinu, dags. 21. júní 1999. Þar er tekið undir þau sjónarmið, sem fram koma í umsögn LMÍ. Ennfremur segir að í bréfi ráðuneytisins til LMÍ, dags. 7. janúar sl., hafi þeim tilmælum verið beint til stofnunarinnar að rekstur LMÍ, sem sé í frjálstri samkeppni við aðra aðila, verði sem fyrst fjárhagslega aðskilinn frá öðrum rekstri stofnunarinnar með vísan til 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga. Einnig hafi ráðuneytið bent stofnuninni á að þar sem samkeppnisaðilum beri að greiða birtingargjald á grundvelli gjaldskrár um útgáfu og birtingu gagna frá LMÍ beri stofnuninni einnig að greiða hliðstæð gjöld af sinni starfsemi. Ráðuneytið telur að þar sem LMÍ hafi nú þegar hafið vinnu við að aðskilja samkeppnisrekstur frá öðrum rekstri stofnunarinnar, eins og fram komi í umsögn LMÍ, sé ekki tilefni til fyrirmæla eða aðgerða af hálfu samkeppnisyfirvalda vegna samkeppnisstöðu kvartanda gagnvart LMÍ.

Ennfremur segir m.a.: „Gjaldtaka fyrir leyfi til úgáfu- og birtingar efnis skv. IV. kafla gjaldskrár nr. 323/1999 er heimil skv. 1. tl. 1. mgr. 10. gr. laga um landmælingar og kortagerð. Til skýringar verður hér gerð nánari grein fyrir gjaldtökuheimild 1. tl. 1. mgr. 10. gr. Þegar gjald er tekið samkvæmt þessu ákvæði er gjald tekið fyrir afnot af höfundarrétti að efni sem Landmælingum Íslands hefur áskotnast. Það er ríkið sem er eigandi að öllum réttindum á sviði höfundarréttar sem Landmælingar Íslands hafa öðlast en það er hlutverk stofnunarinnar að gæta hagsmuna ríkisins á sviði höfunda- og afnotaréttar, sbr. 8. gr. laga nr. 95/1997. Líta verður svo á að gjald það sem hér er verið að innheimta hvíli á sömu forsendum og greiðsla fyrir höfundarrétt almennt á sviði einkaréttar. Af þessu leiðir að höfundurinn eða sá sem kemur í hans stað nýtur þeirra umræðaheimilda sem að jafnaði fylgja eignarétti að því marki sem höfundalögin kveða nánar um. Samkvæmt þessu er Landmælingum Íslands bæði rétt og skylt að selja „sérhæfða þjónustu og upplýsingar“ eins og það er

orðað í lögnum. Ákvæði 1. tl. 1. mgr. 10. gr. laga um landmælingar og kortagerð felur í sér tvennt. Annars vegar er um að ræða gjaldtöku fyrir sölu á sérhæfðri þjónustu og hins vegar gjaldtöku fyrir sölu á upplýsingum sem eru til staðar hjá stofnuninni. Líta verður svo á að ákvæðið feli í sér almenna heimild til handa Landmælingum Íslands til að taka greiðslu fyrir gögn og aðrar upplýsingar sem eru í vörslu stofnunarinnar og njóta höfundarréttar.

Kvartandi telur að gjaldskráin stangist á við samkeppnislög þar sem í lögum nr. 95/1997 sé ekki gert ráð fyrir að stofnunin afli tekna með því að leggja gjald á hvert eintak af útgefnu korti þar sem að einhverju leyti er stuðst við upprunagögn frá stofnuninni. Ráðuneytið vísar hér í þessu sambandi til þess sem rakið var hér að framan um gjaldtökuheimild stofnunarinnar. Landmælingar Íslands „flokkar“ ekki umsóknir frá samkeppnisaðila eins og kvartandi heldur fram heldur er gjaldtöku fyrir leyfi til útgáfu og birtingar skipt í fjóra verðflokka sem byggist á því hversu mikið efni er fengið frá stofnuninni, sbr. 12. gr. gjaldskrár nr. 323/1999.

Í höfundalögum eða reglugerðum settum á grundvelli þeirra er ekki kveðið á um það hvað eigi að greiða hátt gjald fyrir afnot af efni sem nýtur höfundaréttar. Við ákvörðun gjalda í gjaldskrá Landmælinga Íslands er við það miðað að gjaldtakan sé sanngjörn og eðlileg. Við ákvörðun gjaldtöku ber einnig að taka mið af þeirri fjárhæð sem gert er ráð fyrir að Landmælingar Íslands afli sér í formi sértekna en samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1999 er gert ráð fyrir að innheimta sértekna sé 56,8 milljónir. Þess skal getið að við gerð gjaldskrár fyrir Landmælingar Íslands voru gjaldskrár í nágrannalöndum skoðaðar til samanburðar og er gjaldtaka hér á landi ekki hærrí en þar gerist. Á það skal einnig bent að í gjaldskránni, sbr. fylgiskjal 5, er gert ráð fyrir sérstökum afsláttarkjörum af gjöldum fyrir birtingar- og útgáfuleyfi fyrir viðskiptamenn stofnunarinnar í samræmi við stærð upplags sem gefið er út.“

3.

Umsagnir LMÍ og umhverfisráðuneytisins voru sendar MM, til athugasemda með bréfum, dags. 22. júní 1999. Svar barst, dags. 30. júní. Þar segir m.a.:

„Varðandi málið sjálft, liggur nú fyrir að sú gjaldskrá sem kvörtun beinist að hefur verið felld úr gildi og hefur ráðuneytið nú staðfest nýja gjaldskrá nr. 323/1999, vegna starfsemi Landmælinga Íslands og er þar um þriðju gjaldskrá Landmælinga Íslands að ræða á hálfu ári. Sömu annmarkar eru á þessari gjaldskrá og hinni fyrri og hún styðst við sömu lagaheimild eða 10. gr. l. nr.

95/1997, sem mælir fyrir um að LMÍ skuli afla tekna með sölu á þjónustu og þjónustugjöldum vegna afgreiðslu gagna og enn á ný er því talið að gjaldskrána skorti lagastoð varðandi þá liði hennar, sem líta að umbjóðanda mínum þar sem hvorki sé um sölu á þjónustu að ræða né þjónustugjöld. Hugtakið þjónustugjald hefur þá skýringu að það sé gjald sem eigi að taka mið af raunkostnaði þjónustuaðila við að láta tiltekna þjónustu í té.

Varðandi bréf umhverfissráðuneytisins skal eftirfarandi tekið fram.

Varðandi aðskilnað á þeim rekstri sem telst í samkeppni við aðila á markaði þ.m.t. umbjóðanda minn, er ljóst að fyrir löngu síðan hefði honum átt að vera lokið. Hvað sem líður tilmælum ráðuneytisins til umbjóðanda míns tel ég eðlilegt að samkeppnisyfirvöld skoði þann þátt málsins og setji LMÍ skilmála um þann aðskilnað.

Ekki er á það fallist að upplýsingar sem krafist er við útgáfu birtingarleyfis séu almenns eðlis enda liggur fyrir að þar fær LMÍ upplýsingar löngu fyrir útgáfu korta sem eru í samkeppni við framleiðslu þeirra, um hvaða kort á að gefa út og í hvaða eintakafjölda. Annars eðlis væri ef skylt væri að ganga frá greiðslu á útgáfudegi. Þá er útírnúningur að um samningagerð sé að ræða þar sem öðrum aðila er gert að undirrita einhliða ósanngjarna viðskiptaskilmála hins.

Enn á ný er talið að gjaldskrána skorti lagastoð enda ekki um töku á þjónustugjaldi að ræða heldur skatt sem lagður er á kort, óháð söluverði. Í því felst rökstuðningur sá sem litið er framhjá í bréfi umhverfissráðuneytisins. Ekki er fallist á að um almenna gjaldtökuheimild sé að ræða enda er gjaldskrá ekki sett með stoð í 8. gr. l. nr. 95/1977 eða með stoð í höfundarlögum. Þá liggur fyrir að ákvörðun um flokkun eða mat á gjaldi er háð ákvörðun LMÍ sem samkeppnisaðila, sem er andstætt samkeppnissjónarmiðum. Þannig er til þess að líta að mat LMÍ og útgefanda á hlut gagna frá LMÍ í kortum hlýtur í eðli sínu að vera ólíkt hverju sinni.

Þá skal enn á ný áréttað að gjaldið er lagt á óháð söluverði og því samkeppnishamlandi. Því er haldið fram að gjaldið sé sanngjarnt en engar upplýsingar lagðar fram málinu til stuðnings en færður er rökstuðningur í kvörtun minni fyrir því að gjaldið sé ósanngjarnt sem ekki er svarað. Hvaða sértekjur LMÍ skulu afla samkvæmt fjárlögum skiptir hér ekki máli.

Varðandi bréf Landmælinga Íslands skal eftirfarandi tekið fram til viðbótar því sem á við um fyrri athugasemdir sem gerðar voru við bréf umhverfisráðuneytisins.

LMÍ munu hafa lagt af smásölu á kortum en á móti gengið til samstarfs við Pennann hf. um rekstur sérstakrar kortaverslunar. Jafnframt hefur LMÍ staðið að kynningu þeirrar verslunar og auglýsingum um starfsemi hennar. Að þessu er ekki vikið og hvort Penninn hf. njóti sérstakra kjara hjá LMÍ.

Meginatriði bréfs LMÍ, lýtur hinsvegar að því að kvörtun umbjóðanda míns sé ábótavant. Eru þessi sjónarmið fráleit að teknu tilliti til ákvæða samkeppnis-laga nr. 8/1993. Um kvartanir til Samkeppnisstofnunar gilda engar formreglur og í reynd er nægjanlegt að kvörtun sé sett fram án rökstuðnings, enda hvílir rannsóknarskylda á stofnuninni sem og getur hún skoðað mál án kvörtunar. Þá liggur og fyrir að gögn og upplýsingar sem skipta máli um afgreiðslu kvörtunar eru í vörslu LMÍ og umbjóðanda mínum ekki aðgengileg en í valdi Samkeppnisstofnunar að afla. Hér er því eingöngu verið að teffa meðferð málsins.“

4.

Umsögn MM var send LMÍ og umhverfisráðuneytinu til athugasemda með bréfum dags., 7. júlí 1999.

Svar barst frá LMÍ, dags. 4. ágúst 1999. Þar eru ítrekuð fyrri sjónarmið. M.a. segir að upplýsinga sem krafist sé við útgáfu birtingarleyfis séu almenns eðlis og eingöngu til þess að unnt sé að reikna út gjald skv. gildandi gjaldskrá á hverjum tíma. Þá er því mótmælt að gjaldskrána skorti lagaheimild og að gjaldið sé skattur en ekki þjónustugjald. Gjaldtakan sé ekki hærri en nemur þeim kostnaði sem hlýst af þeirri þjónustu sem veitt er hverju sinni og því óháð söluverði. Því sé fráleitt að halda því fram að gjaldtakan sé samkeppnis-hamlandi.

Ennfremur segir að LMÍ hafi lagt af smásölu á kortum í samræmi við ákvörðun um fjárhagslegan aðskilnað milli samkeppnisþátta og annarrar starfsemi, sem tekin var af stjórn stofnunarinnar á árinu 1998 og unnið sé að. Penninn hf. sinni þessari þjónustu í dag og njóti í engu sérkjara umfram almennar heimildir sem m.a. er kveðið á um í lögum um stofnunina og í gjaldskrá.

5.

Athugasemdir bárust frá umhverfísráðuneytinu, dags. 5. ágúst 1999. Þar segir:

„Sá hluti kvörtunar Máls og menningar hf. sem snýr að umhverfísráðuneytinu varðar þá fullyrðingu Máls og menningar hf. um að gjaldskrá Landmælinga Íslands nr. 323/1999 skorti lagastoð en hún var sett af ráðherra 3. maí 1999. Svar ráðuneytisins mun því einkum snúast að þessum þætti kvörtunar Máls og menningar hf. Í bréfi ráðuneytisins til Samkeppnisstofnunar dags. 21. júní sl. er gerð grein fyrir gjalddökuheimild skv. 10. gr. laga nr. 95/1997 um landmælingar og kortagerð. Eins og þar kemur fram felur ákvæði 1. tl. 10. gr. laganna í sér tvennt annars vegar er um að ræða gjalddöku á sérhæfðri þjónustu og hins vegar fyrir sölu á upplýsingum sem eru til staðar hjá Landmælingum Íslands (LMÍ) en í 9. gr. laganna kemur fram að stofnuninni sé heimilt að veita afnotarétt af öllum upplýsingum sem eru í vörslu stofnunarinnar.

Í umsögn Máls og menningar hf. er ekki minnst á þá heimild LMÍ til að afla sér tekna með sölu á upplýsingum heldur er þar eingöngu fjallað um heimild LMÍ til að afla tekna með sölu á sérhæfðri þjónustu og með þjónustugjöldum vegna afgreiðslu gagna. Með sölu á upplýsingum er átt við sölu á öllum þeim upplýsingum sem fyrir hendi eru hjá stofnuninni, þ.e. öllu því efni sem hún hefur eignast, unnið eða gefið út. Eins og komið hefur fram telur ráðuneytið að 10. gr. laga um landmælingar og kortagerð feli í sér almenna heimild til handa LMÍ að taka greiðslu fyrir gögn og aðrar upplýsingar sem eru í vörslu stofnunarinnar og njóta höfundaréttar. Gjaldtaka sem fer fram samkvæmt 1. tl. 10. gr. laganna byggist m.a. á því að það er ríkið sem á höfundarétt að öllu því efni sem frá LMÍ kemur en stofnunin gætir hagsmuna ríkisins á sviði höfundar- og afnotaréttar, sbr. 8. gr. laganna. Af því leiðir að LMÍ er heimilt að krefjast greiðslu fyrir afnot á efni sem frá stofnunni kemur á grundvelli höfundalaga nr. 73/1972, en eins og kemur fram í 8. gr. gilda þau lög um höfundarétt þar sem lögum um landmælingar og kortagerð sleppir. Samkvæmt framangreindu er í 10. gr. að finna almenna heimild fyrir LMÍ að afla tekna fyrir efni sem kemur frá LMÍ og sem nýtur höfundaréttar og er því alfarið vísað á bug að ekki sé um almenna gjalddökuheimild að ræða í lögnum.

Mál og menning hf. heldur því fram að með gjaldskrá LMÍ sé stofnunin að innheimta skatt. Enginn rökstuðningur er settur fram fyrir þessu álitu fyrirtækisins og ber því ekki að taka tillit til þess. Í þessu efni nægir að vísa til

efnis gjaldskrár nr. 323/1999 sem á engan hátt felur í sér heimild til skattlagningar.

Í kvörtun Máls og menningar hf. er vikið að því að mat samningsaðila á hlut gagna frá LMÍ í kortum hljóti að vera ólíkt hverju sinni. Ef ágreiningur verður um slík atriði eða önnur sem varða framkvæmd gjaldskrárinnar, er ávallt hægt að skjóta slíkum ágreiningi til ráðherra með stjórnslukæru, sbr. 21. gr. gjaldskrárinnar.

Varðandi athugasemdir ráðuneytisins varðandi önnur atriði sem fram koma í umsögn Máls og menningar hf. telur ráðuneytið að þau hafi þegar komið fram í bréfi ráðuneytisins til Samkeppnisstofnunar frá 21. júní sl. Ráðuneytið mun veita fúslega nánari upplýsingar ef þess verður óskað af hálfu Samkeppnisstofnunar.“

6.

Með bréfi, dags. 18. ágúst sl., voru LMÍ beðnar um upplýsingar um tengsl milli kortadeildar verslunar Pennans/Eymundssonar og LMÍ, hvernig netsölu á kortum á heimasíðu LMÍ væri háttað, hvort verð á prentuðum kortum í gjaldskrá LMÍ nr. 323 væri smásöluverð og hvaða kjör væru boðin á kortum til endursölu.

Svar barst frá lögmanni LMÍ, dags. 1. september sl. Þar segir:

1. *„Eins og kunnugt er tók umhverfiráðherra árið 1996 ákvörðun um flutning LMÍ frá Reykjavík til Akraness og tók stofnunin formlega til starfa á Akranesi þann 8. janúar 1999. Í tengslum við þessa ákvörðun ákvað stjórn stofnunarinnar að loka kortaverslun LMÍ sem verið hefur um árabíl á Laugavegi 178 og leita jafnframt eftir samningum við aðila (einn og fleiri) um að annast smásölu á kortum fyrir stofnunina. Markmið LMÍ var að tryggja viðskiptavinum og notendum korta, sérhæfða þjónustu og aðgang að öllum prentuðum útgáfum korta Landmælinga Íslands á einum stað, líkt og verið hafði áður í verslun LMÍ. Vegna þessa var m.a leitað eftir áliti Ríkiskaupa hvort að fara ætti fram útboð og var niðurstaðan sú að verkefnið væri ekki útboðshæft.*

Viðræður við fyrirtækið Pennann/Eymundsson leiddu til samnings, sem byggir á ofangreindum forsendum og gildir í þrjú ár frá 6. október 1998 að telja. Samningurinn tryggir viðskiptavinum og notendum korta greiðan

aðgang að öllum prentuðum útgáfum LMÍ, alls um 700 vörunúmer, hjá einum aðila á höfuðborgarsvæðinu og þar sem veitt er sérhæfð fagleg þjónusta. Á grundvelli samningsins fær Penninn/Eymundsson 8% afslátt frá heildsöluverði korta og miðast hann við verulegt umfang viðskipta og þeirri skuldbindingu Pennans/Eymundsson að hafa jafnan á boðstólum í verslun sinni öll kort sem gefin eru út á vegum LMÍ. Það er mat LMÍ að þrátt fyrir umdeildan flutning stofnunarinnar frá Reykjavík hafi framangreint samstarf tryggt notendum sambærilega eða betri þjónustu en áður var í kortaverslun LMÍ á Laugavegi 178.

Ekki er um önnur tengsl á milli kortadeildar verslunar Pennans/Eymundssonar og LMÍ að ræða.

2. *Hægt er að panta kort í gegnum heimasíðu LMÍ og eru þau seld á smásöluverði til einstakra notenda að viðbættum sendingarkostnaði. Þessi þjónusta var eflað í framhaldi af áðurnefndum flutningi LMÍ til Akraness til að tryggja aðgang almennings að kortum og öðrum gögnum sem stofnunin vinnur skv. lögum. Þessi þjónusta er sérstaklega notuð af erlendum viðskiptavinum þar sem oft er erfitt að nálgast kort af Íslandi með öðrum hætti. Rétt er að benda á að skv. stefnum ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið hafa stofnanir hins opinbera verið hvattar til þess að auka og bæta aðgengi að gögnum og upplýsingum sem þær bera ábyrgð á með notkun netsins.*

3. *Varðandi heildsöluverð korta vísast til meðfylgjandi töflu, en smásöluverð á kortum LMÍ ber 40% álagningu frá heildsöluverði. Varðandi kjör til þeirra sem eru í heildsöluviðskiptum er það stefna LMÍ að veita almennt sem minnstan afslátt frá heildsöluverði. Þó geta verið á því undantekningar þegar um verulegt magn er að ræða.“*

Meðfylgjandi var listi merktur „*Landmælingar Íslands, heildsöluverðlisti, smásöluálagning 1999.*“ Þar er tiltekið heildsöluverð með og án virðisaukaskatts og smásöluverð með virðisaukaskatti og álagningarhlutfall í smásölu á kortum LMÍ.

7.

Með bréfum, dags. 2. september sl., var aðilum málsins tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið og að málið yrði í framhaldi af því lagt fyrir samkeppnis-

ráð. Sendur var listi yfir gögn málsins og kvartanda sent til upplýsinga ljósrít af svari LMÍ við fyrirspurn Samkeppnisstofnunar.

8.

Í bréfi, dags. 12. september sl., lýsir kærandi þeirri skoðun sinni að eðlilegt hefði verið að samningur milli LMÍ og Pennans lægi fyrir, þannig að upplýst yrði hvort LMÍ taki þátt í markaðssetningu kortaverslunar Pennans. Með bréfi, dags. 7. október, til LMÍ, óskaði Samkeppnisstofnun eftir nógildandi samningi um kortasölu milli fyrirtækisins Pennans/Eymundssonar og LMÍ. Með bréfi, dags. 13. október, barst stofnuninni samningur um smásöluverslun fyrir kort LMÍ, dags. 6. október 1998, sem gildir frá 15. október 1998 til 15. október 2001. Þar kemur m.a. fram að við opnun kortaverslunar Pennans í Hallarmúla standi LMÍ og Penninn sameiginlega að gerð auglýsinga- og kynningarefnis og að kostnaður vegna þessa skiptist til helminga á milli aðila. Ennfremur að á samningstíma muni LMÍ og Penninn standa sameiginlega að því að kynna kortaverslun Pennans og Penninn Hallarmúla verði auglýstur sem aðalsöluaðili LMÍ á kortum á höfuðborgarsvæðinu. Deildin verði sérhæfð í smásöluverslun fyrir prentaðar útgáfur LMÍ en jafnframt verði kort LMÍ seld í öðrum verslunum Pennans/Eymundssonar. Sérstök aðstaða til kynningar og sölu flatra og brotinna korta verði sett upp í kortaversluninni í Hallarmúla. LMÍ leggi til skúffuskápa og kortarekka úr núverandi verslun sinni. Það lausafé sem LMÍ leggi til verði áfram eign LMÍ.

Með bréfi, dags. 20. október sl., var kæranda sendur fyrrnefndur samningur. Með bréfi, dags. 27. október, gerir hann þær athugasemdir að um verulega mismunun sé að ræða á stöðu Pennans hf. og MM sem smásöluaðila og telur að afla þurfi gagna m.a. um umfang viðskipta milli LMÍ og Pennans. Að mati samkeppnisyfirvalda var ekki talin þörf á frekari gagnaöflun. Með bréfi, dags. 1. nóvember sl., var aðilum málsins tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið og málið yrði í framhaldi af því lagt fyrir samkeppnisráð.

III.

Lagaumhverfi

1.

Markmið samkeppnislaga nr. 8/1993 er að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með að vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Markmiði þessu skal náð með því að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og

takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri, óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum.

Í 2. mgr. 14. gr. laganna er svohljóðandi ákvæði um fjárhagslegan aðskilnað:

„Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er samkeppnisráði heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálstri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi.“

2.

Lög um landmælingar og kortagerð eru nr. 95/1997. Þar segir m.a. að Landmælingar Íslands séu ríkisstofnun sem heyri undir umhverfisaráðuneytið. Hlutverk stofnunarinnar sé að vinna að verkefnum á sviði landmælinga og kortagerðar.

Í II. kafla laganna segir um verkefni stofnunarinnar:

„5. gr. Verkefni Landmælinga Íslands samkvæmt lögum þessum eru:

- 1. Gerð leiðbeininga um landmælingar og kortagerð og notkun staðla á því sviði.*
- 2. Landfræðilegar og staðfræðilegar mælingar. Í því felst m.a. að leggja út hnitakerfi fyrir landið allt og tryggja viðhald og nákvæmni mælipunkta.*
- 3. Viðhald nauðsynlegra grunnupplýsinga um hnitakerfið, svo sem hvaða mælingar séu til, hver hafi framkvæmt þær, áreiðanleiki þeirra og aðgengi.*
- 4. Öflun gagna og úrvinnsla á sviði loft- og gervitunglamynda af landinu.*
- 5. Útgáfa og endurnýjun korta af landinu í prentuðu og stafrænu formi.*
- 6. Kortlagning örnefna.*
- 7. Að gæta hagsmuna stjórnvalda í erlendu samstarfi á sviði landmælinga og kortagerðar að því marki sem umhverfisaráðherra ákveður.*
- 8. Annað það er ráðherra kann að ákveða.*

6. gr. Forstjóri getur falið aðilum utan stofnunarinnar að annast framkvæmd ákveðinna verkþátta skv. 5. gr.

7. gr. *Aðilar, sem stunda landmælingar og kortagerð, skulu gæta samræmis í vinnslu og vistun gagna og tilkynna Landmælingum Íslands um fyrirhuguð verkefni við mælingar og grunnkortagerð.*“

Í III. kafla laganna er fjallað um höfunda- og afnotarétt. Þar segir:

„8. gr. *Ríkið er eigandi að öllum réttindum sem Landmælingar Íslands hafa öðlast.*

Stofnunin gætir hagsmuna ríkisins á sviði höfunda- og afnotaréttar á öllu því efni sem hún hefur eignast, unnið eða gefið út í sambandi við mælingar, kort eða myndir af Íslandi. Um höfundarétt gilda að öðru leyti höfundalög, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

9. gr. *Landmælingar Íslands miðla upplýsingum og veita aðgang að gögnum í vörslu stofnunarinnar. Ef um er að ræða frumgögn sem eiga uppruna utan stofnunar skal samið um frekari dreifingu við upprunaaðila.*

Heimilt er að veita afnotarétt af öllum upplýsingum á sviði landmælinga og kortagerðar sem eru í vörslu Landmælinga Íslands að því tilskildu að uppruna sé getið og áreiðanleika upplýsinga sé ekki stefnt í tvísýnu.“

Í IV. kafla laganna er fjallað um fjármögnun stofnunarinnar. Þar segir:

„10. gr. *Landmælingar Íslands afla sér tekna á eftirfarandi hátt:*

1. *Með sölu á sérhæfðri þjónustu og upplýsingum.*
2. *Með þjónustugjöldum vegna afgreiðslu gagna.*

Gjaldtaka skal ákvörðuð í gjaldskrá 1) sem ráðherra staðfestir.

Kostnaður við starfrækslu Landmælinga Íslands skal að öðru leyti greiðast af framlögum sem ákvörðuð eru í fjárlögum.“

III.

Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 8. nóvember 1999, var ákvörðun tekin í máli þessu. Fundinn sátu Atli Freyr Guðmundsson, Brynjólfur Sigurðsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Sigurbjörn Magnússon.

1.

Í því máli sem hér er til umfjöllunar kvartar fyrirtækið Mál og menning hf. yfir samkeppnisstöðu sinni gagnvart Landmælingum Íslands og yfir gjaldskrá LMÍ fyrir útgáfu og birtingu gagna í vörslu LMÍ. Í erindinu segir að frá árinu 1997 hafi MM framleitt landakort og sé eini aðilinn á innanlandsmarkaði sem sé í samkeppni við kortagerð LMÍ. Samkeppnisstaðan sé ójöfn, þar sem ekki sé skilið á milli samkeppnisrekstrar og annars rekstrar hjá stofnuninni. Einnig verði MM að sækja um birtingarleyfi til LMÍ vegna gagna sem nota þurfi við kortagerð og verði þá að leggja viðskiptaáætlanir sínar fyrir samkeppnisaðila.

2.

Verkefni LMÍ eru talin upp í 5. gr. laga um landmælingar og kortagerð. Þar kemur fram að eitt af verkefnum LMÍ er endurnýjun og útgáfa korta af landinu í prentuðu og stafrænu formi. Í 10. gr. laganna sem fjallar um fjármögnun stofnunarinnar segir að LMÍ skuli afla sér tekna með sölu á sérhæfðri þjónustu og upplýsingum og með þjónustugjöldum vegna afgreiðslu gagna. Að öðru leyti skuli kostnaður við stofnunina greiðast af fjárlögum. Starfsemi LMÍ samanstandur annars vegar af verkefnum, sem ekki gefa stofnuninni tekjur, innheimtu þjónustugjalda og sölu á birtingarleyfum og hins vegar ýmissi starfsemi, sem getur verið í samkeppni við aðra aðila. Að mati samkeppnisráðs eru því skilyrði fyrir hendi til þess að beita heimildarákvæði 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga, en helsti tilgangur þess ákvæðis er að koma í veg fyrir að samkeppnisrekstur sé niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi.

Í umsögn LMÍ segir að fyrir liggi skýrsla um stefnumótun fyrir stofnunina og rekstur hennar frá því í júní 1998. Þar komi fram að tekin hafi verið ákvörðun um að þeir þættir í rekstri stofnunarinnar sem séu í samkeppni verði skildir frá öðrum rekstri í samræmi við ákvæði samkeppnislaga. Töluverð vinna hafi verið lögð í þennan aðskilnað sem fyrirhugað sé að taki gildi frá og með næstu áramótum.

Í gögnum málsins kemur fram að í bréfi umhverfisráðuneytisins til LMÍ, dags. 7. janúar 1999, hafi þeim tilmælum verið beint til stofnunarinnar að rekstur LMÍ, sem sé í frjálstri samkeppni við aðra aðila, verði sem fyrst fjárhagslega aðskilinn frá öðrum rekstri stofnunarinnar með vísan til 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga. Einnig hafi ráðuneytið bent LMÍ á að þar sem samkeppnis- aðilum beri að greiða birtingargjald á grundvelli gjaldskrár um útgáfu og

birtingu gagna frá LMÍ beri stofnuninni einnig að greiða hliðstæð gjöld af sinni starfsemi.

Það er mat samkeppnisráðs að til þess að koma í veg fyrir að starfsemi LMÍ, sem nú þegar er í samkeppni við aðra aðila, m.a. kæranda í þessu máli, eða gæti verið í samkeppni við aðra aðila, sé niðurgreidd af ríkisstyrktri starfsemi LMÍ, þurfi eftirfarandi skilyrði að vera uppfyllt:

1. Stofnuð verði sérstök eining um samkeppnisrekstur Landmælinga Íslands. Reikningshald hennar skal vera sjálfstætt. Reikningsskil skulu gerð í samræmi við meginreglur laga um ársreikninga og skulu þau liggja fyrir opinberlega með sambærilegum hætti og almennt gerist.
2. Gera skal sérstakan stofnefnahagsreikning vegna þeirra eigna sem samkeppnisrekstrinum verða lagðar til, ef einhverjar verða. Skulu eignir metnar á markaðsverði ef þess er kostur en annars á endurkaupsverði að frádregnum hæfilegum afskriftum.
3. Skuldir samkeppnisrekstrarins við LMÍ beri markaðsvexti, en óheimilt verði að samkeppnisreksturinn skuldi LMÍ annað en lán vegna yfirtöku eigna í upphafi svo og lán vegna eðlilegra viðskipta.
4. Öll viðskipti milli samkeppnisrekstrarins og annarrar starfsemi LMÍ skulu verðlögð á markaðsverði eins og um viðskipti milli óskyldra aðila væri að ræða. Ef markaðsverð liggur ekki fyrir skal miðað við kostnaðarverð að viðbættri hæfilegri álagningu.
5. Samkeppnisreksturinn greiði fyrir þá aðstöðu sem hann nýtir sameiginlega með annarri starfsemi Landmælinga Íslands, þ.m.t. yfirstjórn, húsnæði og vinnu eins og um viðskipti milli óskyldra aðila væri að ræða.
6. Samkeppnisreksturinn skal sækja um leyfi til útgáfu- og birtingar efnis í samræmi við gildandi gjaldskrá á sama hátt og keppinautum er gert að gera.
7. Dagleg stjórn samkeppnisrekstrarins skal ekki vera í höndum sama starfsmanns og dagleg stjórn annarrar starfsemi Landmælinga Íslands. Þess skal vandlega gætt að samkeppnisreksturinn hafi ekki aðgang að umsóknum annarra aðila um birtingarleyfi.

3.

Kvartandi telur að lagastoð skorti fyrir því að leggja gjald á hvert eintak af útgefnu korti, sem að einhverju leyti styðst við upprunagögn frá LMÍ. Þá sé gjaldtakan samkeppnishamlandi, þar sem LMÍ flokki umsóknir frá samkeppnis-aðila og gjaldtakan sé ótengd mögulegu söluverði korts á markaði.

Það er mat samkeppnisráðs að samkeppnisrekstur LMÍ skuli nú þegar greiða öll sömu gjöld og keppinautar á markaðnum greiða fyrir notkun á gögnum í vörslu LMÍ. Gjöld sem greidd eru á grundvelli gjaldskrár stofnunarinnar eigi því ekki að valda samkeppnislegri mismunun og fari því ekki gegn samkeppnislögum. Samkeppnisráð tekur að öðru leyti ekki afstöðu til lögmæti gjaldtökunnar.

4.

Í kvörtuninni segir að LMÍ sé í samstarfi við dreifingaraðila á smásölumarkaði um kortaverslun og óvíst sé hvort kvartanda bjóðist sömu viðskiptakjör og dreifingaraðilanum bjóðist.

Þegar LMÍ voru fluttar til Akraness var kortaverslun LMÍ, sem verið hafði um árabíl að Laugavegi 178, lokað. Samkvæmt gögnum málsins samdi stofnunin þá við fyrirtækið Pennann/Eymundsson um að annast smásölu á kortum fyrir stofnunina. Markmið LMÍ hafi verið að tryggja notendum korta greiðan aðgang að öllum prentuðum útgáfum korta LMÍ, alls um 700 vörunúmerum, hjá einum aðila á höfuðborgarsvæðinu, þar sem veitt væri sérhæfð fagleg þjónusta. Í samningnum segir að LMÍ muni ekki opna eigin smásöluverslun með kort á gildistíma samningsins, en muni halda áfram sölu á kortum til annarra sölu- og dreifingaraðila bæði innanlands og erlendis. LMÍ leggi í upphafi til grunnlager korta, sem verði eign LMÍ. Auk þess fái fyrirtækið 8% afslátt frá gildandi heildsöluverði korta LMÍ hverju sinni. LMÍ og Penninn muni standa sameiginlega að kynningu kortaverslunarinnar og gerð auglýsinga og kynningarefnis. Kostnaður skiptist til helminga samkvæmt fyrirfram samþykktri kostnaðaráætlun.

Með vísan til þess að Penninn/Eymundsson rekur sérstaka kortadeild með allar prentaðar útgáfur af kortum LMÍ, auk þess að veita sérhæfða þjónustu við sölu þeirra, gerir samkeppnisráð ekki athugasemdir við þau viðskiptakjör sem fyrirtækið nýtur, samkvæmt gögnum málsins. Með hliðsjón af framansögðu gerir samkeppnisráð ekki athugasemdir við fyrrgreindan samning.

Í gögnum málsins kemur fram að áður en gerður var samningur við Pennann/Eymundsson um sölu á kortum LMÍ hafi m.a. verið leitað álits Ríkiskaupa á því hvort fara ætti fram útboð og hafi niðurstaðan verið sú að verkefnið væri ekki útboðshæft. Með tilliti til markmiðs samkeppnislaga er það mat samkeppnisráðs að LMÍ beri að stefna að því, þegar nógildandi samningur

rennur út, að fram fari útboð, þar sem einum eða fleiri aðilum væri gefinn kostur á að annast sölu allra korta LMÍ.

5.

Í umsögnum LMÍ og umhverfissráðuneytisins kemur fram vilji til þess að skilja samkeppnisrekstur stofnunarinnar frá annarri starfsemi hennar á grundvelli 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Uppfylli Landmælingar Íslands fyrrnefnd skilyrði samkeppnisráðs fyrir fjárhagslegum aðskilnaði eigi síðar en 1. janúar árið 2000, telur samkeppnisráð ekki tilefni til frekari aðgerða vegna kvörtunar Máls og menningar hf.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Framkvæmi Landmælingar Íslands fjárhagslegan aðskilnað á milli samkeppnisrekstrar stofnunarinnar og annarra þátta í starfsemi hennar, sbr. 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, í samræmi við þau skilyrði sem samkeppnisráð setur fram í ákvörðun þessari, eigi síðar en 1. janúar árið 2000, telur ráðið ekki efni til íhlutunar í máli þessu.“